

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 17. nóvember 2017 kl 15.00, haldinn í fjarfundi og á skrifstofu FV, Árnagötu 2-4, Ísafirði.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður (í fjarfundi frá Súðavík), Ingibjörg Emilsdóttir (í fjarfundi frá Hólmavík), Jón Örn Pálsson (í fjarfundi frá Tálknafirði), Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Fundinn sat einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá var sem hér segir.

- 1. Fundargerð stjórnarfundar 19. október 2017**
- 2. Vestfjarðastofa - Atvinnuþróunarfélag**
- 3. Sóknaráætlun Vestfjarða.**
 - a. Fundargerðir stýrihóps
 - b. Fundur samráðsvettvangs SV, 6. nóvember
 - c. Fundur stýrihóps og FV, 7. nóvember
- 4. Endurnýjun samnings um atvinnu- og byggðaðróun**
- 5. Samgöngunefnd og fjarskiptanefnd FV**
- 6. Landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga**
- 7. Umsagnir til Alþingis og ráðuneyta**
- 8. Heilbrigðiseftirlit**
- 9. Önnur mál**

1. Fundargerð stjórnarfundar 19. október 2017

Fundargerð stjórnarfundar 19. október 2017 lögð fram til staðfestingar, fundargerð hefur áður verið samþykkt í tölvupósti.

Fundargerð samþykkt.

2. Vestfjarðastofa – Atvinnuþróunarfélag

- a. Stofngögn Vestfjarðastofu

Lögð fram gögn varðandi tillögu að samruna Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða sem hafa verið til umfjöllunar í undirbúningsstjórn Vestfjarðastofu á síðustu vikum; Samrunaáætlun, samþykktir, framtíðarsýn og stefnuviðmið og starfslýsingar framkvæmdastjóra og sviðsstjóra. Formaður og framkvæmdastjóri kynntu efni máls en samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar.

Formaður kynnti að undirbúningsstjórn leggi til að stofndagur Vestfjarðastofu verði þann 1. desember n.k., fundurinn verði haldinn í Edinborgarhúsinu, Ísafirði, kl 13-15.00.

- b. Fundargerðir stjórnarfundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða frá 29. júní og 9. nóvember s.l..

Fundargerðir stjórnarfundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða 29. júní og 9. nóvember lagðar fram til kynningar.

c. Trúnaðarmál

Með vísan til niðurstöðu stjórnar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þann 9. nóvember s.l. og bókunar hluthafa á aðalfundi félagsins 22. júní s.l., þá fól formaður FV framkvæmdastjóra að leita eftir mati á virði félagsins og starfskyldna þess. Lagt fram trúnaðarskjal sem unnið var að hálfu KPMG fyrir FV.

Formaður lagði fram tillögu.

Fjórðungssamband Vestfirðinga geri hluthöfum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf tilboð um kaup á hlutfé þeirra í félaginu. Í framhaldi af samþykki hluthafa á kaupum Fjórðungssambandsins verði tekin ákvörðun um að breyta hlutafélaginu í einkahlutafélag á grunni XIV. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995. AtVest ehf. verði að lokum slitið og eignir félagsins á þeim tíma verði færðar til Vestfjarðastofu ses.

Tillagan samþykkt.

3. Sóknaráætlun Vestfjarða.

- a. Fundargerðir stýrihóps stjórnarráðsins.
Lögð fram til kynningar fundargerð 40. fundar stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.
- b. Fundur samráðsvettvangs SV, 6. nóvember
Framkvæmdastjóri kynnti efni fundar samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarðar sem haldinn var í fjarfundi á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Fundargerð verður kynnt síðar.
- c. Fundur stýrihóps og FV, 7. nóvember
Framkvæmdastjóri kynnti efni fundar stjórnar og starfsmanna FV með stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál, sem haldinn var á Ísafirði þann 7. nóvember s.l.. Fundargerð verður kynnt síðar.

4. Endurnýjun samnings um atvinnu- og byggðaþróun

Byggðastofnun gerði tillögu þann 10. nóvember s.l. að endurnýjun samnings FV við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaþróun á Vestfjörðum. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2022. Gefin var frestur til að skila inn athugasemdum til 16. nóvember s.l.. Fjallaði stjórn um efni samningsins í tölvupósti og fól framkvæmdastjóra að skila þeim inn í samræmi við tilgreindan frest.

Nýr samningur komi að nýju til umfjöllunar í stjórn FV, þegar stjórn Byggðastofnunar hefur fjallað um athugasemdir FV. Stjórn FV leggur þar áherslu á að sértæk framlög til Vestfjarða haldi sér í nýjum samningi þ.e. framlög til stuðnings á rekstri starfsstöðva á Hólmavík og Patreksfirði. Í annan stað er það tillaga stjórnar FV að framselja samning um atvinnu- og byggðaþróun á Vestfjörðum til Vestfjarðastofu ses, þegar rekstur hennar hefst.

5. Samgöngunefnd og fjarskiptanefnd FV

Lögð fram fundargerð samgöngunefndar FV frá 31. október s.l.. Gerð er tillaga til stjórnar FV um eftirfarandi mál.

- Almenningsamgöngur; stjórn FV staðfesti heimild til framkvæmdastjóra að um að vinna að endurnýjun og eða segja upp samningi um almenningsamgöngur á Vestfjörðum við Vegagerðina og samningum við verktaka um akstur samkvæmt einkaleyfi FV. Samningar renna út í árslok 2018 en fyrirvari á uppsögn samninga verður að miðast komandi áramót 2017/2018. Framangreint verði unnið í nánu samráði við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga.
- Staða nýframkvæmda á Vestfjörðum. Eftirfarandi tillaga er sett fram.
Í gildandi framkvæmdahluti samgönguáætlunar 2015-2018, er gert ráð fyrir framlögum í upphafi framkvæmda við nýjan veg yfir Dynjandisheiði á árunum 2018 til og með 2021 og um Veidileysuháls á árunum 2018 til og með 2020. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2018 var lagt fram á Alþingi þann 12. september sl. og samkvæmt því eru þessar framkvæmdir ekki tilgreindar í nýframkvæmdum á næsta ári. Mótmælt er þessu misræmi milli áætlana ríkisins, því að óbreyttu verður frestun á að bjóða megi út Veidileysuháls og Dynjandisheiði eins og samgönguáætlun 2015-2018 segir til um. Hér um að ræða grundvallaratriði í að koma á heilsárssamgöngum á milli byggðalaga á Vestfjörðum. Einnig er mótmælt er að raunlækkun er á framlögum sem veitt til hafnaframkvæmda, viðhalds flugvalla og almenningsamganga.

Tillagan samþykkt.

6. Landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar fundargerðir SASS, Eyþings, SSA og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Lagðar fram til kynningar aðalfundargerðir SASS 16. og 17. okt og SSH frá 3. nóvember s.l..

7. Umsagnir til Alþingis og ráðuneyta

Vegna Alþingiskosninga hefur umfjöllun um fjárlagafrumvarp 2018 legið í láginni en á sama tíma hafa ráðuneyti kynnt tillögur að endurnýjun samninga á grundvelli frumvarpsins. Lagðar fram fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða þessa efnis og kynntar tillögur Ferðamálastofu um endurnýjun samnings við Markaðsstofu Vestfjarða.

Stjórn FV leggur áherslu á að samþykktir Alþingis um sértæk framlög til Vestfjarða haldi sér við endurnýjun samninga. Hér er um að ræða fjárlagaliði sem samþykktir voru á Alþingi í fjárlögum 2008;

-vegna eflingar starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða og þá í tengslum við uppbyggingu Þróunarseturs á Patreksfirði á sínum tíma

- eflingar starfsemi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða í tengslum við uppbyggingu Þróunarsetra á Hólmavík og á Patreksfirði. (sjá einnig samþykkt stjórnar FV varðandi 4. lið þessa stjórnarfundar).

Í annan stað gerir stjórn FV alvarlega athugasemd við tillögu um framkvæmd endurnýjun samninga Ferðamálastofu við Markaðsstofu Vestfjarða. Samkvæmt tillögu frumvarps til fjárlaga 2018 er gert ráð fyrir auknu fjármagni til eflingar markaðsstofa landshlutanna, en tillaga Ferðamálastofu er að unnið verði að verkefnum sem Ferðamálastofa setur upp.

Stjórn FV gerir síðan kröfu um að við undirbúning fjárlaga og fjármálaáætlunar verði komið á formlegum ferlum í samskiptum ráðuneyta, Alþingis og landshlutasamtaka.

8. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða.

Lögð fram fundargerð 114. fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarða og þar með kemur reglugerð um sundstaði sem stjórn verður að leiðbeina um hvort við tökum til okkar.

9. Önnur mál

Framkvæmdastjóri kynnti fyrstu niðurstöður íbúakönnunar á Vestfjörðum sem unnin var nú í haust í samstarfi við SSV. Kynning á niðurstöðum verður nú í lok nóvember

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.15.